

Leiðbeiningar fyrir sjúklinga

Sólarhrings-þvagsöfnun

Vinsamlegast lesið þessar leiðbeiningar til enda áður en þvagsöfnunin hefst

- Þöntuð hefur verið rannsókn sem krefst þess að þú safnir þvagi í sólarhring (24 klukkustundir).
- Þvagi er safnað í sérstakan þvagsöfnunarbrúsa (sem má nálgast á Rannsóknakjarna Landspítala í Fossvogi eða Hringbraut).
- Það er háð því hvaða rannsókn eða rannsóknir á að framkvæma hvort afhentur er tómur brúsi eða brúsi sem inniheldur 50% ediksýru.
- Ef pantaðar hafa verið rannsóknir sem gera þarf á ósýrðu þvagi annarsvegar og sýrðu þvagi hinsvegar, þá eru afhentir tveir þvagsöfnunarbrúsar (með og án ediksýru). Tvær aðskildar þvagsafnanir þarf þá að gera, sinn hvorn sólarhringinn og byrja skal á söfnuninni í brúsann sem inniheldur ediksýru.
- **Varúð:** Til að koma í veg fyrir að ediksýra slettist á húð er ráðlagt að pissa ekki beint í brúsann í byrjun þvagsöfnunarinnar, á meðan óþynnt sýra er í brúsanum, heldur nota plastglasið sem fylgir og hella úr því yfir í söfnunarbrúsann.

Þvagsöfnun

1) Þvagsöfnunin hefst að morgni með því að þvagblaðran er tæmd og þvagi hent (pissað í klósett). Skráið á brúsann klukkan hvað þetta er því þessi tími markar upphaf þvagsöfnunarinnar.

2) Næstu 24 klst er öllu þvagi safnað í brúsann.

3) Síðast er þvagi safnað í brúsann á sama tíma og söfnunin hófst daginn áður. Skráið á brúsann klukkan hvað söfnuninni líkur.

Dæmi: Þvagi er kastað í klósett klukkan 07:00 að morgni. Öllu þvagi er síðan safnað í brúsann næstu 24 klukkustundirnar og síðasta þvag sem fer í brúsann er safnað kl. 07:00 morguninn eftir (sjá skýringarmynd á bakhlið).




- Mikilvægt er að kæla þvagið meðan á söfnuninni stendur og eins eftir að henni lýkur.
- Ef eitthvað af þvagi fer ekki í söfnunarbrúsann á þessum 24 klst (t.d. óvart pissað í klósett) þá er söfnunin ónýtt. Byrja þarf á nýrri söfnun (nálgast þarf nýjan söfnunarbrúsa á Rannsóknakjarna).
- Skilið þvagsöfnunarbrúsanum á Rannsóknakjarna Landspítala sem fyrst eftir að söfnun lýkur.
- **Munið að merkja brúsann með nafni og kennitölu ásamt dag- og tímasetningu söfnunarinnar !**

Skýringarmynd:

1) Þvagsöfnun hefst að morgni með því að þvagblaðran er tæmd. Þessu þvagi er ekki safnað í brúsann heldur fer það í klósettið. Skráið tímann á þvagsöfnunarbrúsann (kl. 07:00 í þessu dæmi).



2) Næstu 24 klst er öllu þvagi safnað í þvagsöfnunarbrúsann, hvort sem er að degi eða nóttu.



3) Þvagsöfnuninni líkur morguninn eftir, á sama tíma og hún hófst daginn áður, með því að þvagblaðran er tæmd og þvagini safnað í brúsann. Skráið tímann á þvagsöfnunarbrúsann (kl. 07:00 í þessu dæmi).

